

Sjálfsmatsskýrsla gæðaráðs Keilis

2022 - 2023



Keilir

Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Efnisyfirlit

1.	Gæðastefna Keilis	3
2.	Gæðaráð	4
	– Helstu verkefni 2022 -2023	4
3.	Gæðamarkmið 2022-2023	5
	– Innri úttektir	5
	– Kennsla og kennsluhættir	6
	– Tölulegar upplýsingar (skráningarbrottfall, aldur, kyn og búseta nemenda, nemendafjöldi, fjöldi útskrifaðra og brottfall nemenda eftir að þeir byrja í námi)	7
	– Líðan nemenda og þjónusta skólans	8
	– Ánægjukönnun foreldra ólögráða nemenda	8
	– Starfsmannasamtöl og vinnustaðarkönnun	9
	– Prófanir í tölvudeild	10
	– Náms- og starfsgengi nemenda sem útskrifaðir eru	10
	– Úttekt á stöðu eigna	11
	– Úttekt á húsnæði	11
	– Úttekt á jafnlaunavottun	12
	– Yfirfara og uppfæra verkferla í gæðahandbók	12
4.	Framkvæmd innri úttekta 2022 - 2023	13
	– Kennsla og kennsluhættir	13
	– Tölulegar upplýsingar	13
	– Starfsmannasamtöl og vinnustaðarkönnun	15
	– Þjónustukönnun og könnun um líðan nemenda	16
	– Prófanir í tölvudeild	17
	– Náms- og starfsgengi útskrifaðra nemenda	17
	– Úttekt á stöðu eigna	17
	– Ánægjukönnun foreldra ólögráða nemenda	17
5.	Úttekt á jafnlaunavottun	18
	– Jafnlaunakerfi	18
	– Frábrigði, úrbætur og forvarnir	18
	– Útgáfustýrð skjöl	19
	– Úttektir – Innri úttekt, ytri úttekt, launagreining og rýni stjórnenda	19
	– Rýni á jafnlaunastefnu, markmiðum og árangursmat	20
	– Mat á hlíti jafnlaunakerfisins	20
6.	Markmið næsta árs hjá gæðaráði	20
7.	Samantekt	20

1. Gæðastefna Keilis

Gæðastefna Keilis er sett undir forystu framkvæmdastjóra Keilis. Hann ber ábyrgð á því að gæðastefnan sé í samræmi við markmið og starf Keilis. Framkvæmdastjóri skal sjá til þess að gæðastefnunni sé viðhaldið.

Gæðastefna Keilis er birt á heimasíðu Keilis og er einnig aðgengileg á gæðavef Keilis.

Hlutverk Keilis er að veita nemendum sínum og viðskiptavinum sem besta þjónustu. Lögð er áhersla á að skapa sem heilbrigðast umhverfi fyrir nemendur og starfsfólk þannig að allir geti sinnt hlutverki sínu innan fyrirtækisins – hvort heldur er í námi eða vinnu.

Sérstakt gæðaráð skal leitast við að starfsemin taki sem mest mið af markmiðum Keilis. Í því skyni stuðlar gæðaráð að innra eftirliti, ytri úttektum sem og tillögum til úrbóta eftir því sem kostur er. Skal stöðugt leitað eftir samstarfi nemenda og starfsfólks í þessu skyni. Unnið er á grundvelli laga um framhaldsskóla 92/2008 með síðari breytingum og samningi Keilis við Mennta- og barnamálaráðuneytið.

Gæðaráð er skipað einum aðila úr hverri deild ef þess er kostur og er valið af framkvæmdastjóra. Einnig er fulltrúi foreldra, kennara og nemenda kallaðir á gæðaráðsfundi þegar við á.

Samkvæmt gæðastefnu Keilis skal stöðugt leitast við að:

- Halda uppi skýru og reglulegu innra eftirliti með úttektum sem hluti af gæðakerfi Keilis. Leita jafnframt eftir ytra eftirliti sem þjóna megi markmiðum gæðastefnu þegar þess telst þörf.
- Safna sem gleggstum upplýsingum um árangur af skólastarfi, þ.m.t. árangur í námsmati, umsögnum um kennara og starfsfólk, árangur nemenda að námi loknu, líðan nemenda og starfsfólks í skólanum og annað það sem kann að þjóna gæðamarkmiðum.
- Endurskoða reglulega gæðamarkmið.
- Taka út reglulega styrkleika og veikleika í starfinu og sjá til þess að öllum markmiðum, s.s. um fjölskyldustefnu, samfélagsábyrgð, umhverfisstefnu og fjárhagslega ábyrgð sé fylgt.

- Tryggja að starf Keilis sé í samræmi við lög, reglugerðir og samninga er snerta starfið á einhvern hátt og sjá til þess að réttindi allra séu virt.

Gæðaráð Keilis heyrir undir framkvæmdastjórn Keilis og sinnir gæðamálum. Gæðaráð setur fram markmið um innri úttektir og sér til þess að þær séu framkvæmdar og niðurstöðum sé skilað til gæðaráðs sem heldur til haga öllu sem við kemur gæðamálum hjá Keili. Um miðja hverja önn metur gæðaráð hvort markmiðum sé fylgt eftir og frávikum sé lokað.

2. Gæðaráð

Árið 2022 – 2023 voru eftirfarandi starfsmenn í gæðaráði:

- Anna María Sigurðardóttir, Menntasviði
- Berglind Kristjánsdóttir, Háskólabrú
- Elvar Smári Sævarsson, Heilsuakademíu
- Fjóla Þórdís Jónsdóttir, Menntasviði
- Ingigerður Sæmundsdóttir, Menntaskólinn á Ásbrú
- Óskar Pétur Sævarsson, Flugakademíu
- Sigurður Bjarni Hafþórsson, Fjármálasviði

Helstu verkefni 2022 -2023

Á skólaárinu 2022–2023 var markvisst unnið að framkvæmd sjálfsmats í samræmi við áætlun um innra mat árið 2022–2023. Fjöldi innri úttekta voru framkvæmdar ásamt því að úrbótaáætlun var gerð. Meginverkefni gæðaráðs þennan veturinn var að yfirfara og uppfæra alla ferla í gæðahandbók. Nýir vinnuhópar voru myndaðir til að yfirfara og uppfæra stefnur Keilis. Þá var farið markvisst í það að endurskoða gæðamál Keilis í samræmi við gæðakerfi framhaldsskóla og drög lögð að fleiri og ítarlegri úttektarþáttum hjá Keili. Sú vinna mun halda áfram og verða innleidd á næsta skólaári. Þá voru þær kannanir sem voru sendar út yfirlesnar og samþykktar og markvisst farið yfir niðurstöður. Úrbótaáætlun var sett fram ásamt því að úrbótaáætlun frá síðasta ári var yfirfarin.

3. Gæðamarkmið 2022-2023

Markmið með neðangreindri áætlun um innri úttektir er að ná fram stöðugum umbótum á starfsemi Keilis þ.e. að notast við gæðakerfi sem tryggir stöðugar umbætur og faglegt skólastarf á sem flestum sviðum í starfsemi skólans. Markmið með hverri úttekt fyrir sig má sjá neðar.

Innri úttektir

Árlega framkvæmir skólinn innri úttektir með það að markmiði að sannreyna að unnið sé faglega, í samræmi við verklagsreglur og að hafa yfirsýn yfir hinar ýmsu tölulegu upplýsingar svo hægt sé að bregðast við ef neikvæð þróun á sér stað. Niðurstöður eru hafðar til hliðsjónar í ársskýrslum.

Hér má sjá áætlun um innri úttektir fyrir árið 2022 til 2023.

	Haust 2022	Vor 2023	Úttektaraðili
Kennsla og kennsluhættir (matsfundir, kennslukannanir)	x	x	Menntasvið
Tölulegar upplýsingar (skráningarbrottfall, aldur, kyn og búseta nemenda, nemendafjöldi, fjöldi útskrifaðra og brottfall eftir að nemendur byrja í námi)	x	x	Menntasvið/forstöðumenn
Starfsmannasamtöl og vinnustaðarkönnun		x	Forstöðumenn/Menntasvið
Líðan nemenda og þjónusta skólans		x	Menntasvið
Prófanir í tölvudeild	x	x	Tölvudeild

Náms- og starfsgengi nemenda sem útskrifaðir eru		x	Forstöðumenn
Úttekt á stöðu eigna	x		Fjármálasvið
Ánægjukönnun foreldra ólögráða nemenda		x	MÁ
Úttekt á húsnæði	x		Fjármálasvið/húsnæðissvið
Úttekt á jafnlaunavottun	x		Fjármálasvið
Yfirfara og uppfæra verkferla í gæðahandbók	x	x	Forstöðumenn

Kennsla og kennsluhættir

Markmið með úttekt er að:

Viðhalda stefnu Keilis í nútímalegum kennsluaðferðum, með sérstaka áherslu á vandinám. Að tryggja að staðið sé að námsmati á sanngjarnan, fjölbreyttan og faglegan máta. Að nemendur séu sáttir við kennara sína og að staðið sé á allan hátt faglega að þeim námskeiðum/áföngum sem kenndir eru hverju sinni.

Framkvæmd:

Kennsla og kennsluhættir eru metnar á tvenna vegu, annars vegar með kennslukönnun sem send er út á nemendur og svarað rafrænt. Hins vegar með matsfundum sem haldnir eru með úrtaki úr hverri deild, þar sem aðrir starfsmenn en kennarar innan Keilis fara einn hring með nemendum þar sem þeir segja hvað deildin er að gera vel og annan hring þar sem nemendur segja frá hvað hægt er að bæta, í kjölfarið eru almennar umræður.

Menntasvið sendir nemendum kennslukannanir þar sem sérstök áhersla er á upplifun nemenda varðandi eftirfarandi þætti:

- Unnið sé eftir stefnu Keilis í vandinámi samkvæmt skólanámskrá
- Kanna hvort viðmót kennara til nemenda sé gott
- Kanna hvort unnið sé faglega að námskeiðinu

- Kanna hvort námsmat í áfanganum sé fjölbreytt

Matsfundir eru óformlegt samtal í litlum hópi nemenda þar sem athugasemdir eru skráðar nafnlaust og tækifæri gefst til samtals meðal úrtakshópsins. Áhersla er lögð á frjálst flæði ábendinga en umræðan í kjölfarið styðst við mat á eftirfarandi þáttum:

- Hvort námið í heild hafi staðist væntingar
- Hvort nemandinn telji sig hafa lært eitthvað nýtt
- Hvort nemandanum finnist námsefnið skemmtilegt
- Hversu auðvelt/erfitt nemandanum finnst námsefnið
- Hvort áhugi nemandans hafi vaxið á náminu síðan það hófst
- Hvort nemandinn sé ánægður með kennsluna í heild sinni
- Hvort nemandinn fái aðstoð í náminu þegar á þarf að halda
- Hvort nemandinn sé ánægður með aðstöðuna hjá Keili

Forstöðumaður fer yfir niðurstöður kennslukönnunar með kennara og ef úrbóta er þörf eru sett markmið um úrbætur. Viðmiðið er að hver þáttur í markmiði fari ekki undir 4,0 að meðaltali. Farið er yfir niðurstöðu matsfunda með viðkomandi forstöðumanni og úrbótaáætlun útbúin ef þess er þörf og reynt að bregðast strax við eins og hægt er.

Tölulegar upplýsingar (skráningarbrottfall, aldur, kyn og búseta nemenda, nemendafjöldi, fjöldi útskrifaðra og brottfall nemenda eftir að þeir byrja í námi)

Markmið með úttekt er að:

- Hafa yfirsýn yfir tölulegar upplýsingar til að geta gripið inn í þegar t.d. neikvæð þróun á sér stað og gripið til úrbóta ef þarf.

Framkvæmd:

Menntasvið keyrir út lista af Innu og tekur saman gögn, rýnir í gögnin miðað við fyrri ár og skilar af sér skýrslu um þær breytingar sem hafa átt sér stað.

Úrbótaáætlun unnin út frá niðurstöðum.

Úttektir framkvæmdar í febrúar og október.

Líðan nemenda og þjónusta skólans

Markmið með úttekt er að:

- Efla faglega og persónulega þjónustu Keilis við nemendur.
- Koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda.
- Efla stoðþjónustu Keilis til að takast á við þarfir nemenda.

Framkvæmd:

Menntasvið sendir út könnun á alla nemendur skólans þar sem lagt er mat á:

- Ánægju og líðan nemenda Keilis.
- Hlutfall nemenda Keilis sem er að glíma við andlega erfiðleika.
- Hve stór hópur glímir við sértæka námsörðuleika.
- Hvort nemendur eru almennt að nýta sér þjónustu skólans og hvernig þeim líkar hún.

Niðurstöður eru rýndar og m.a. skoðaðar breytingar á milli ára og skoðað út frá niðurstöðum kannana hvort auka þurfi þjónustu við nemendur. Viðbrögð og aðgerðir skráðar í úrbótaáætlun.

Úttekt er framkvæmd í febrúar/mars ár hvert.

Ánægjukönnun foreldra ólögráða nemenda

Markmið með úttekt er að:

- Efla persónulega þjónustu Keilis við ólögráða nemendur við MÁ og aðstandendur þeirra.
- Koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda.
- Tryggja gæði kennslu.
- Efla jákvæðan og uppbyggilegan skólabrag við MÁ.

Framkvæmd:

Ánægjukönnun er send til allra foreldra ólögráða nemenda í MÁ í maí. Svör bárust frá 16 foreldrum. Foreldrum ólögráða nemenda er gefið tækifæri til þess að koma með

frjálsar athugasemdir auk þess sem lagðar eru fram spurningar þar sem lagt er mat á út frá upplifun foreldris:

- Ánægju og líðan nemandans.
- Hvort kröfur áfanga við MÁ séu hæfilegar fyrir nemandann.
- Hvort nemandinn eigi jákvæð samskipti við samnemendur sína.
- Hvort upplýsingaflæði til heimilisins sé fullnægjandi.

Niðurstöður eru rýndar og m.a. skoðaðar breytingar á milli ára og skoðað út frá niðurstöðum kannana hvort auka þurfi þjónustu við nemendur. Viðbrögð og aðgerðir skráðar í úrbótaáætlun.

Starfsmannasamtöl og vinnustaðarkönnun

Markmið með úttekt er að:

- Efla starfsmenn og hvetja til starfsþróunar
- Efla samskiptin, stuðla að aukinni starfsánægju, bæta vinnuaðstæður, ræða framtíðaráform og setja sér markmið.

Framkvæmd starfsmannasamtala:

Tvisvar á ári boðar næsti yfirmaður til starfsmannasamtals við starfsfólk innan sinnar deildar þar sem m.a. er rætt:

- Líðan starfsmanns
- Verkefna- og ábyrgðasvið
- Starfsánægju
- Frammistöðu
- Stjórnun
- Samskipti o.fl.

Framkvæmd vinnustaðakönnunar starfsfólks:

Árlega sendir Menntasvið út vinnustaðakönnun á allt starfsfólk skólans þar sem m.a. er lagt mat á:

- Ánægju með vinnuaðstöðu
- Starfsanda
- Upplýsingaflæði
- Stjórnun
- Vinnuálag
- Samskipti o.fl.

Helstu niðurstöður úr starfsmannasamtölum teknar saman af forstöðumanni og þau mál sem þarfnast úrlausnar sett í ferli og sex mánuðum síðar er skoðað hvort því ferli sé lokið.

Niðurstöður úr vinnustaðakönnun starfsfólks eru rýndar og m.a. skoðaðar breytingar á milli ára. Viðbrögð og aðgerðir skráðar í úrbótaáætlun. Niðurstöðurnar eru kynntar á starfsmannafundi.

Úttektir framkvæmdar í febrúar til apríl.

Prófanir í tölvudeild

Markmið með úttekt er að:

- Sjá til þess að farið sé eftir reglum og tilmælum sem gilda um upplýsingaöryggi og meðferð tölvugagna í Keili.

Framkvæmd:

Tölvudeild gerir úttekt þrisvar á ári þar sem þar til gerðir gátlistar eru fylltir út og sendir til Menntasviðs.

Ef unnið er eftir þessu ferli á að vera öruggt að unnið sé eftir upplýsingaöryggisstefnu Keilis. Ef frávik verða er strax gripið til aðgerða.

Prófanir eru framkvæmdar í maí, ágúst og október.

Náms- og starfsgengi nemenda sem útskrifaðir eru

Markmið með úttekt er að:

- Hafa yfirsýn yfir hvernig fyrrverandi nemendum Keilis vegnar í áframhaldandi námi og störfum.
- Hafa yfirsýn yfir hvernig nemendur voru undirbúnir fyrir áframhaldandi nám og störf.
- Hafa yfirsýn yfir hve margir halda áfram í námi eftir útskrift hjá Keili.

Framkvæmd:

Forstöðumenn senda könnun á þá nemendur sem útskrifuðust árinu áður. Ef fáir nemendur eru í bekk er hringt í nemendur.

Rýnt er í niðurstöður og þær notaðar m.a. til að bæta námið, í skýrslugerð og í áframhaldandi vinnu við mótun á námsleiðinni.

Úttekt framkvæmd í mars eða apríl.

Úttekt á stöðu eigna

Markmið með úttekt er að:

- Hafa yfirsýn yfir eignir félagsins
- Leiðrétta afskriftarlista

Framkvæmd:

Fjármálasvið prentar út eignalista úr bókhaldi og afskriftarlista. Talning fer fram til staðfestingar.

Rýnt er í niðurstöður og tekin afstaða til frávika.

Úttekt framkvæmd í nóvember.

Úttekt á húsnæði

Markmið með úttekt er að:

- Tryggja öryggi nemenda og starfsfólks
- Yfirfara öryggis- og brunakerfi
- Yfirfara slökkvitæki og neyðarútganga

- Fá yfirsýn og skrá niður hvað þarf að laga

Framkvæmd:

Fjármálasvið prentar út eignalista úr bókhaldi og afskriftarlista. Talning fer fram til staðfestingar. Umsjónamaður fagsteigna fer yfir eignir með tilliti til þess að sjá hvað þarfnast viðhalds og hvað þarf að framkvæma til að halda skólahúsnæði í góðu horfi.

Rýnt er í niðurstöður og tekin afstaða til frávika.

Úttekt framkvæmd í maí.

Úttekt á jafnlaunavottun

Markmið með úttekt er að:

- Hafa yfirsýn yfir laun félagsins
- Vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynja
- Uppfylla kröfur um jafnlaunavottun skv. ÍST 85:2012
- Fá óháða úttekt frá utanaðkomandi aðila

Framkvæmd:

Framkvæmdastjórn skipar æðstu stjórnendur félagsins og ber ábyrgð á stefnu í jafnréttismálum og að þeirri stefnu sé framfylgt. Framkvæmdastjóri er ábyrgðaraðili jafnlaunakerfis og fjármálastjóri sér um að viðhalda því í samræmi við staðalinn. Fjármálastóri framkvæmir innri úttektir og launagreiningar a.m.k. einu sinni á ári.

Fjármálastjóri skipuleggur ytri úttekt á jafnlaunavottun með óháðum úttektaraðila sem fer fram í október á hverju ári. Rýni stjórnenda fer fram í nóvember á hverju ári og fjármálastjóri er ábyrgur fyrir því að boða framkvæmdastjórn á fund þess efnis.

Yfirfara og uppfæra verkferla í gæðahandbók

Markmið með úttekt er að:

- Allir ferlar séu endurskoðaðir reglulega
- Allir ferlar séu uppfærðir reglulega
- Ferlar endurspegli starfsemina

Framkvæmd:

Mennta- og þjónustusvið útbýr excel skjal þar sem yfirllestri og uppfærslu á ferlum er skipt á milli forstöðumanna og deilda eftir því sem við á. Eftir yfirllestur og uppfærslu merkir viðkomandi við sem lokið.

4. Framkvæmd innri úttekta 2022 - 2023

Hér eftir er gerð grein fyrir þeim úttektum og athugunum sem voru framkvæmdar innan Keilis skólaárið 2022–2023.

Kennsla og kennsluhættir

Veturinn 2022 til 2023 voru kennslukannanir lagðar fyrir í 127 áföngum í heildina. Sendur var út spurningalisti til nemenda í gegnum tölvupóst. Forstöðumaður hveirrar deildar fór yfir niðurstöður kennslukönnunar með viðkomandi kennara og kom með tillögur að úrbótum ef þörf var á því og hvatti kennara til að halda því áfram því sem vel er gert.

Á vorönn 2023 voru haldnir átta matsfundir í fjórum deildum Keilis. Valdir voru af handahófi fimm til sex nemendur úr hverjum hóp. Tveir starfsmenn á Mennta- og þjónustusviði héldu utan um fundina. Byrjað var á því að fara jákvæðan hring þar sem hópurinn fjallaði um það sem er jákvætt við kennsluhætti, skipulag kennslu, námsefni og aðbúnað. Því næst var farinn hringur þar sem nemendur fengu tækifæri til þess að tjá sig um þau atriði sem mættu betur fara að þeirra mati. Öll svör voru skráð niður til úrvinnslu en fyllsta trúnaðar er gætt á þessum fundum. Farið var yfir niðurstöður með forstöðumanni viðkomandi deildar.

Tölulegar upplýsingar

Mennta- og þjónustusvið tók saman aldur, kyn og búsetu nemenda. Hér að neðan má finna töflu sem inniheldur fjöldatölur nemenda og meðalaldur þeirra. Þetta eru nemendur í Menntaskólanum á Ásbrú, Háskólabrú, ÍAK einka- og styrktarþjálfaranámi, fótaaðgerðafræði og Flugakademíu á haustönn 2022 og vorönn 2023.

Námsleið:	Fjöldi		Meðalaldur	
	Haustönn 2022	Vorönn 2023	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Háskólabrú staðnám	23	17	28	30
Háskólabrú fjarnám	239	224	32	31
ÍAK einka- og styrktarþjálfaranám	44	50	28	28
Flugakademía	137	141	25	25
Fótaaðgerðafræði	24	12	45	46
Menntaskólinn á Ásbrú	80	77	18	19

Konur voru í meirihluta í námi á Háskólabrú og í ÍAK einka- og styrktarþjálfaranámi og var hlutfall þeirra í kringum 60%. Í Flugakademíu og Menntaskólanum á Ásbrú voru karlmenn í miklum meirihluta eða um 70% í flugnámi og 80% í MÁ. Þá voru konur í miklum meirihluta í námi í fótaaðgerðafræði, en einn karlmaður stundaði námið á liðnu skólaári. Á skólaárinu voru engir nemendur skráðir með önnur kyn.

Nemendur Keilis koma víða að en hér að neðan má finna töflu sem sýnir búsetu nemenda eftir landshlutum. Flestir nemenda voru búsettir á Höfuðborgarsvæðinu eða í kringum 60%. Þar á eftir kom Reykjanes en rúmlega 20% nemenda voru búsettir þar.

	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Austurland	1,6%	1,8%
Erlendis	1,2%	0,6%
Höfuðborgarsvæðið	58,5%	62,1%
Norðurland	3,9%	5,0%
Reykjaneskagi	24,8%	20,1%
Suðurland	6,7%	6,5%
Vesturland	3,3%	4,0%

Starfsmannasamtöl og vinnustaðarkönnun

Á liðnu ári fóru starfsmannasamtöl við fastráðna starfsmenn fram tvisvar sinnum og svo eftirfylgnisamtöl einum til tveimur mánuðum síðar ef þess var þörf. Samtölin skiptast í tvö formleg hálf tíma samtöl um fyrirfram ákveðið efni og svo tvö hálf tíma eftirfylgnisamtöl ef þess er þörf. Í þessum samtölum er m.a. farið yfir líðan, vinnuaðstöðu, samskipti, stjórnun, starfspróun, fræðslu og fleira.

Á vormánuðum var send út vinnustaðarkönnun á starfsfólk Keilis. Í könnuninni var m.a. spurt um líðan, vinnuaðstöðu, starfsanda, upplýsingaflæði, öryggismál, vinnuálag, stjórnun, umhverfisvernd, vinnuaðstæður og einnig var bætt við spurningum sem tengist vegferð Keilis í átt að heilsueflandi vinnustað. Einnig var starfsfólk beðið um að skrifa niður helstu kosti og styrkleika Keilis og hvað mætti bæta í starfseminni. Þau viðmið voru sett að atriði sem kæmu ekki nógu vel út og fengju að meðaltali 4,0 eða undir (5 verandi besta útkoma) þyrfti að setja í úrbótaáætlun. Þau atriði sem voru undir 4,0 og þar af leiðandi sett í úrbótaáætlun á ábyrgð framkvæmdastjórnar voru eftirfarandi:

- Vel er tekið á málum sem snerta heilsu og líðan starfsmanna (3,89)

- Vel er haldið utan um öryggismál á vinnustaðnum (3,87)
- Vinnuálag hjá mér er alla jafna hæfilegt (3,93)
- Starfsfólk virðir þær vinnureglur sem gilda um vinnu í opnu rými (3,96)
- Ákvarðanir á vinnustaðnum eru vel rökstuddar og sanngirnis er gætt (3,62)
- Stjórnendur í Keili hvetja til heilsueflingar (3,8)
- Ég er ánægð/ur með mötuneytisaðstöðuna í Keili (2,69)
- Á vinnustaðnum ríkir traust (ný spurning) (3,91)

Þá var starfsfólki einnig gefinn kostur á að svara eftirfarandi opnum spurningum í könnuninni. Hverjir eru helstu kostir og styrkleikar Keilis og hvaða þætti/hluti hjá Keili má bæta.

Þjónustukönnun og könnun um líðan nemenda

Á vorönn fór fram þjónustukönnun og könnun um líðan nemenda. Í könnuninni var meðal annars spurt um líðan nemenda í skólanum, kynjamismun, ánægju með námið, þjónustu og viðmót starfsfólks, upplýsingastreymi ásamt spurningu um tölvuþjónustu og námsráðgjöf. Þá voru einnig opnar spurningar þar sem spurt var um hvað nemendur væru ánægðastir með hjá Keili, hvað mætti betur fara og hvort það væri eitthvað sem nemandinn vildi koma á framfæri. Þau viðmið voru sett að atriði sem kæmu ekki nógu vel út og fengju að meðaltali 4,0 eða undir (5 verandi besta útkoma) þyrfti að setja í úrbótaáætlun.

Niðurstöður könnunarinnar sýndu að 71% nemenda eru mjög ánægðir eða ánægðir með námið sem þeir stunda. 21% nemenda sem svöruðu könnuninni eru að glíma við kvíða, 17,6% með athyglisbrest, 12% eru með lesblindu. Þá sýndu niðurstöður að nemendum líður almennt vel í skólanum og lítið er um mismunun. Mikil ánægja var með þjónustu og viðmót starfsfólks og 77% nemenda sögðu það líklegt eða mjög líklegt að þeir myndu hvetja aðra til að fara í nám hjá Keili. Áberandi lægsta meðaltal fékk spurningin um ánægju með mötuneytið. Þegar nemendur voru spurðir hvað þeir væru ánægðastir með nefndu flestir uppsetningu námsins, skemmtilega og góða kennara, námsráðgjafana, gott viðmót starfsfólks, uppsetningu námsins, sveigjanleika, aðstöðu

og aðgengi að húsnæði og að námið sé skemmtilegt og gott. Þegar spurt var hvað mætti bæta var helst nefnt að það vanti meira úrval í mötuneyti, netið ekki nógu gott, betra upplýsingaflæði, að kuldinn í húsinu sé of mikill, sjálfsalar og kaffisjálfsali virka illa og aðstöðu og þá helst klósettin mætti bæta.

Farið var yfir niðurstöður í framkvæmdastjórn og skoðað hvað þyrfti að bæta. Þá fékk hver deildarstjóri sundurliðuð svör fyrir sína deild til að rýna í og út frá niðurstöðum var unnin úrbótaáætlun.

Prófanir í tölvudeild

Innri úttektir í tölvudeild voru framkvæmdar fjórum sinnum á árinu og eftir hverja úttekt metið hvort til einhverra ráðstafana þyrfti að grípa og það sett þá í framkvæmd.

Náms- og starfsgengi útskrifaðra nemenda

Á liðnu ári sendu forstöðumenn, Háskólabrúar, ÍAK, fótaaðgerðafræði og Flugakademíu út könnun um náms- og starfsgengi til þeirra nemenda sem útskrifuðust árið 2022 með það að markmiði að sjá hvernig nemendur eru undirbúnir fyrir áframhaldandi nám og störf eftir nám hjá Keili. Forstöðumenn rýndu í niðurstöður og skoðuðu hvort breytinga væri þörf á náminu til að undirbúa nemendur betur.

Úttekt á stöðu eigna

Það er markmið Keilis að öll aðstaða innan skólans sé til fyrirmyndar og að hinir ýmsu innanstokksmunir séu fyrir hendi og að haldið sé vel utan um eignir og búnað. Á skóla árinu var farið í að endurbæta kaffistofu og Betri stofuna og þá var einnig farið í að búa til rými sem hentar fyrir kennslu í ÍAK einkaþjálfun. Tölvudeild og Heilsuakademía skiluðu úttekt á búnaði skólans.

Ánægjukönnun foreldra ólögráða nemenda

Það er markmið MÁ að viðhafa virkt mat á skólastarfi og unnið er að því að fá rödd foreldra inn í matsþætti með því að senda foreldrum ólögráða nemenda könnun.

Könnunin var send á forráðamenn ólögráða nemenda sem hófu nám í MÁ á nýliðnu hausti og eru þ.a.l. nýbúnir að skipta um námsstig.

Foreldrar fá tækifæri til þess að gefa fjórum fullyrðingum einkunn á kvarðanum 1 – 5 (mjög ósammála, mjög sammála), auk þess fá þeir tækifæri til að tjá skoðun sína eða koma ábendingum á framfæri.

Afar áberandi er að foreldrar segja að barninu líði vel við nám í MÁ. Um 90% af svarendum töldu að barnið hafi átt jákvæð samskipti og náð góðri tengingu við samnemendur sína í MÁ og 70% segja upplýsingaflæði til foreldra og aðgengi að upplýsingum um skólastarfið hæfilega gott. Það er áskorun fyrir stjórnendur og starfsfólk MÁ að gera enn betur í þeim efnum og vera í góðum tengslum við foreldra/forráðamenn.

5. Úttekt á jafnlaunavottun

Tilgangur úttektar er að framkvæma viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfi félagsins samkvæmt kröfum ÍST 85:2012 – Jafnlaunakerfi.

Jafnlaunakerfi

Í jafnlaunakerfinu koma fram launaviðmið sem félagið hefur sett fram ásamt lagalegum kröfum sem ber að uppfylla. Þar er einnig að finna yfirlit skjala og skráa jafnlaunakerfisins sem og þjálfunar- og jafnréttisáætlun. Í kerfinu er haldið utan um þau frábrigði, úrbætur og forvarnir sem koma upp á hverjum tíma fyrir sig. Jafnlaunakerfið inniheldur einnig vottun frá úttektaraðila sem framkvæmir ytri úttekt árlega.

Jafnlaunakerfið nær til allra starfsmanna félagsins.

Frábrigði, úrbætur og forvarnir

Flokkun frábrigða er skipt upp í þrjá mismunandi flokka.

- ✓ *Alvarleg frábrigði* þar sem vottun er á stjórnun ferils og þ.a.l. að krafa sé uppfyllt. Útilokar vottun nema að frábrigði sé lagfært.
- ✓ *Frábrigði* þar sem kröfu um einstök tilfelli eru ekki uppfyllt. Rannsaka þarf undirliggjandi orsök hvers frábrigðis.

- ✓ *Tækifæri* þar sem bent er á tækifæri til umbóta sem leiða til betri vinnubragða og hugsanlegrar.

Frávik eru greind, skýringar skráðar og unnið er að umbótum samkvæmt verklagsreglu frábrigði, úrbætur og forvarnir.

Útgáfustýrð skjöl

Í handbók má finna almennar upplýsingar um jafnlaunakerfi félagsins sem uppfyllir kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85. Í handbókinni er skipulagi, umfangi og virkni kerfisins lýst.

Verklagsreglur hafa verið settar fram og þeim útgáfustýrt.

- ✓ Ákvörðun um jafnlaunaviðmið og flokkun starfa.
- ✓ Ákvörðun launa og umbunar.
- ✓ Frábrigði, úrbætur og forvarnir.
- ✓ Hafni og þjálfun.
- ✓ Innri úttektir.
- ✓ Lagalegar kröfur og aðrar kröfur.
- ✓ Launagreining.
- ✓ Rýni stjórnenda.
- ✓ Samskipti.
- ✓ Stýring skjala og skráa.

Úttektir – Innri úttekt, ytri úttekt, launagreining og rýni stjórnenda

Innri úttekt er framkvæmd af gæðaráði félagsins til að tryggja hlutleysi í samræmi við verklagsreglu og úttektaráætlun.

Ytri úttekt er framkvæmd af utanaðkomandi aðila sem er jafnframt vottunnaraðili á jafnlaunakerfi félagsins.

Launagreining er framkvæmd árlega til að meta árangur jafnlaunakerfis félagsins. Aðgferðafræði við launagreiningu er aðhvarfsgreining með Rstudio kerfi og er

framkvæmd af gæðaráði félagsins. Markmið launagreiningar er að kynbundinn launamunur sé innan viðmiða upp á +/- 3%.

Rýni stjórnenda er framkvæmd til að tryggja að jafnlaunakerfið, stefnur, áætlanir og annað sem viðkemur rekstri og viðhaldi kerfisins sé rýnt með reglulegu millibili, þó aldrei sjaldnar er árlega.

Rýni á jafnlaunastefnu, markmiðum og árangursmat

Jafnréttis- og jafnlaunastefnur félagsins eru rýndar árlega þar sem metið er hvort þörf sé á breytingum á stefnum.

Mat á hlíti jafnlaunakerfisins

Stjórnendur meta árlega hvort jafnlaunakerfi félagsins uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til kerfisins og að ekki þurfi að grípa til úrbóta eða aðgerða í kjölfar rýni á virkni kerfisins.

6. Markmið næsta árs hjá gæðaráði

Markmið gæðaráðs næsta árið er að uppfylla kröfur um góð gæði námsins með markvissri vinnu stjórnenda og gæðaráðs í samvinnu við starfsfólk og nemendur. Hefðbundnum verkefnum og úttektum verður haldið áfram og nýir ferlar búnir til eftir þörfum í samvinnu við starfsfólk. Áhersla verður á að vinna úr úrbótaáætlun sem gerð var út frá niðurstöðum innri úttekta síðasta skólaárs. Þá munu vinnuhópar starfsfólks utan um stefnur skólans halda áfram. Mikil áhersla verður lögð á að gæðaráð vinni áfram í inneiðingu gæðkerfis sem unnið hefur verið í út frá gæðakerfi framhaldsskóla þar sem skólinn hefur sett sér markmið til ársins 2027.

7. Samantekt

Á skólaárinu fundaði gæðaráð sex sinnum, þar sem helstu verkefni voru að skipuleggja innri úttektir, yfirllestur og uppfærsla á gæðastefnu og unnið markvisst að framkvæmd sjálfsmats. Það gekk með ágætum að innheimta allar úttektir í samræmi við áætlun um

innra mat 2022 – 2023. Hver deild yfirfór og vann í úrbótaáætlun út frá niðurstöðum innri úttekta. Vinnuhópar með það hlutverk að yfirfara allar stefnur Keilis héldu áfram vinnu sinni og óvirkir hópar voru virkjaðir, innri persónuverndarstefna og meðför gagna yfirlesin og allir ferlar yfirfarnir. Gæðaráð fékk einnig kynningu á gæðakerfinu Bravo Lesson og fengu heimsókn frá gæðastjóra Verslunarskóla Íslands sem hefur notað það gæðakerfi í nokkur ár. Sú ákvörðun var tekin í eftir ítarlega skoðun og pælingar að Keilir taki upp sitt eigið ítarlega gæðakerfi byggt á gæðakerfi framhaldsskóla.